

Nd.

680. Frumvarp til laga

[222. mál]

um Leiklistarskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. maí.)

1. gr.

Stofna skal á vegum ríkisins leiklistarskóla, og er heiti hans Leiklistarskóli Íslands.

Hlutverk skólans er að þroska leiklistarhæfileika nemenda og þjálfa þá til leiklistarstarfa.

Skólinn starfar í Reykjavík, en heimilt er að reka undirbúningsdeildir í tengslum við skólann annars staðar á landinu.

Heimilt er að starfrækja nemendaleikhús á vegum skólans.

Allur kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Leiklistarskóli Íslands heyrir undir menntamálaráðuneytið. Skólinn er þriggja vetra skóli og skal starfa sem næst 8 mánuði á ári. Ákveða skal með reglugerð, hvert skuli vera námsefni skólans, inntökuskilyrði, hæfnismat (próf) og annað, er varðar starfsemi skólans og undirbúningsdeilda skv. 1. gr.

3. gr.

Við skólann starfar skólastjóri, sem settur skal eða skipaður af ráðherra til fjögurra ára í senn. Skólastjóri getur sá einn orðið, sem öðlast hefur menntun og reynslu í leiklistarstörfum. Um starfskjör hans fer eftir hinu almenna launakerfi ríkisins, eftir því sem við á. Skólastjóri ræður kennara að skólanum í samráði við skólanefnd, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

4. gr.

Skólanefnd er til ráðuneytis skólastjóra um málefni skólans. Menntamálaráðherra skipar skólanefndina, sem í eiga sæti 9 fulltrúar. Ráðherra skipar einn nefndarmanna án tilnefningar, og er hann fornaður. Aðrir nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Þjóðleikhúsráðs, leikhúsráðs Leikfélags Reykjavíkur, Leikfélags Akureyrar, Bandalags ísl. leikfélaga, Ríkisútvarpsins, Félags íslenskra leikara, kennara Leiklistarskóla Íslands, nemenda Leiklistarskóla Íslands. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn nema fulltrúar nemenda og kennara, sem skipaðir eru til eins árs hverju sinni.

5. gr.

Þjóðleikhús og önnur leikhús í landinu, sem ríkisstyrks njóta, svo og Ríkisútvarp (hljóðvarp og sjónvarp) skulu veita Leiklistarskóla Íslands aðstoð í starfi hans eftir því sem um semst milli aðila hverju sinni og við verður komið.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vegna þess að leiklistarkennsla hefur farið fram undanfarið á vegum tveggja aðila, annars vegar Leiklistarskóla leikhúsanna, hins vegar Leiklistarskóla Samtaka áhugafólks um leiklist (SÁL), skulu nemendur þessara skóla, sem kjósa að halda áfram námi sínu í Leiklistarskóla Íslands, eiga rétt á því. Ber í því sambandi að taka tillit til þess náms, sem nemandi hefur þegar lokið í skóla sínum, og hvort hann hefur staðist þar hæfnismat. Ráðherra getur sett nánari reglur um þetta efni og á um það úrskurðarvald.